

Hugsum til smáfuglanna



Nú þegar frostið er mikið, köngulær og skordýr sem fuglarnir lifa vanalega á hafa drepist eða í dvala og erfitt er að komast að jörðu, veikist lífsvon fuglanna talsvert. Þeir fuglar sem hafa vetrarsetu á Íslandi þurfa að nota alla sína orku í frostinu til að halda á sér hita og við það brennist orkuforðinn fljótt. Því þurfa þeir að endurnýja birgðirnar reglulega, sérstaklega fyrir rökkur og við birtingu. Fyrir nóttina þurfa þeir næringu til að halda nauðsynlegri

lífsstarfsemi gangandi því þá er lítið um fæðuöflun og að morgni þurfa þeir svo fljótt að finna æti til að bæta upp þá orku sem fór í að halda hita um langa og kalda vetrarnótt. Mikilvægt er að hjálpa fuglunum í orkusöfnun á þessum köldustu dögum. Fræ og fræblöndur, korn, ávextir og ber, kjöt, fiskur, kartöflur og vatn er meðal þess sem getur verið gott fyrir fuglana en nánar um hvað má og hvað skal ekki gefa garð fuglum er að finna á vefsíðu Fuglavernd-

ar. Þar er einnig minnt fólk á að þegar einu sinni er byrjað að setja út fóður ætti að halda því áfram til vors, þeir fuglar sem hafa lært að reida sig á fóður í ákveðnum

garði gætu átt erfitt með að finna annað æti ef skyndilega er hætt að gefa þeim.

sj



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Formannsskipti í Sjómannadagsráði

Í desember urðu breytingar á stjórn Sjómannadagsráðs Ólafsvíkur, þá steig Pétur Steinar Jóhannsson til hliðar sem formaður ráðsins og Illugi Jens Jónasson tók við formennsku. Pétur verður áfram í stjórn og auk hans verða Illugi, Björn Erlingur Jónasson, Jónas Gunnarsson og Jens Brynjólfsson í stjórn eins og verið hefur.

Pétur Steinar kom inn í Sjómannadagsráð 1977 og tók við formennsku af Guðna Sumarliðasyni 1980 en Guðni hafði þá verið formaður Sjómannadagsráðs Ólafsvíkur frá stofnun þess árið 1952. Pétur hefur verið duglegur við að safna styrkjum og fjármagna rekstur garðsins og framkvæmdir, en búið er að gera

miklar og glæsilegar breytingar á garðinum eftir að hann var hannaður af landslagshönnuði. Þá eru fleiri hugmyndir í gangi.

Pétur hefur ritstýrt og gefið út Sjómannadagsblað Snæfellsbæjar frá upphafi. Blaðið kom fyrst út 1987, síðan 1991 og þá hefur það komið út óslitið frá árinu 1995 og alltaf í ritstjórn Péturs.

Pétur vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem hafa stutt við rekstur og breytingar á Sjómannagarðinum, er þeim þökkud þeirra framlög og eru þau mikils metin af sjómönnum í Ólafsvík og Sjómannadagsráði. Í samtali við Pétur kom fram að hann stefni að áframhaldandi útgáfu Sjómannadagsblaðs Snæfellsbæjar.

jó



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Spor fyrir gönguskíði í Grundarfirði



Golfklúbburinn Vestarr, Grundarfjarðarbær og félagar úr Björgunarveitinni Klakki tóku höndum saman í síðustu viku og lögðu tvö gönguskíðaspor á Bárarvelli í Grundarfirði. Annað sporið voru rúmir 500 metrar. Var það ekki krefjandi og hugsað fyrir nýliða. Hitt sporið var um 1500 metrar og var aðeins meira

krefjandi. Skíðasvæði Snæfellsness færði Vestarr tæki sem Kristinn Ólafur Kristinnsson smíðaði fyrir skíðafélagið til þess að leggja gönguskíðaspor. Grundarfjarðarbær lét svo moka bílastæðið við Bárarvöll svo að aðgengi væri greitt fyrir iðkendur.

ii

Getraunir 1x2

Það voru óvenju margir, sem komu til að tippa hjá okkur á laugardaginn var, sem var mjög ánægjulegt. Vonandi verður framhald á þannig mætingu. Enginn, sem tippaði hjá okkur náðu þó vinningi, utan strákanna, sem eru með sameiginlega miða, sem fengu smá vinning á 10 rétt úrslit. Næsti seðill verður með leikjum úr ensku deildunum og það eru nokkrir í okkar hópi sem telja sig góða í að veðja

á úrslit í þessum leikjum. Sjáum hvað setur. Við verðum allavega í Átthagastofunni á laugardaginn á milli klukkan 11.00 og 12.00 og kaffi að sjálfsögu fyrir alla sem mæta. Þó að við vinnum ekki fær Víkingur alltaf sínar prósentur af söluinni og því til mikils að vinna. Vonumst til að sjá sem flesta á laugardögum.

Áfram Víkingur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Lionsklúbbur Ólafsvíkur og Lionsklúbburinn Rán stóðu fyrir flugeldasýningu á Þrettándanum.



Þessi fyrirtæki styrktu flugeldasýninguna og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir.

	Sveinbjörn Jakobsson SH - 10			Deloitte.
	<i>Söluskáli</i> ÓK.Ólafsvík vi Ólafsbraut · Ólafsvík · Sími: 436 1012		Rúný hf.	
	<i>Verslunin Hrud</i> Ólafsbraut 55 Sími: 436 1165			
				Útgerðarfélagið Haukur ehf.
Steinunn SH - 167		Guðmundur Jensson SH - 717		Litlalón ehf. Egill SH-195
	Ari Bjarnason <i>Tannlæknir</i>			Bjartsýnn ehf. Brynja SH - 237
	HG Lagnir 869-9362			

Snjótroðarinn mættur

Sjálfbóaliðar hafa unnið hörðum höndum á Skíðasvæði Snæfellsness í Grundarfirði undanfarna daga við að færa til og troða snjó. Sett var á fót söfnun á síðasta ári til þess að fjármagna nýjan snjótroðara. Söfnunin gekk von-

um fram en snjótroðarinn er nú þegar kominn í fjallið og búinn að fara fyrstu ferðirnar. Svæðið er ekki tilbúið undir skíðaiðkun en það hefur ekki snjóað nóg í fjallið svo að hægt sé að opna.

jj



Minni byggðakvóti á Snæfellsnes



Aflafréttir

Á árinu 2022 komu á land í höfnum Snæfellsbæjar tæplega 40.000 tonn í 5.738 löndunum sem verður að teljast gott. Í Rifshöfn var landað 25 275 tonnum í 2.051 löndun, í Ólafsvíkurhöfn 12.620 tonn í 2.621 löndun og á Arnarstapa var landað 1.988 tonnum í 1.066 löndun.

Nýja árið fer vel af stað í höfnum Snæfellsbæjar en dagana 2. til 8. janúar var landað alls 1.062 tonnum í 82 löndunum. Þar af var landað í Rifshöfn 640 tonnum í 42 löndunum, í Ólafsvíkurhöfn 402 tonnum í 37 löndunum og á Arnarstapa 20 tonnum í 3 löndunum. Hjá dragnótábátunum landaði Bárður SH 81 107 tonnum í 5, Saxhamar SH 55 tonnum í 3, Steinunn SH 52 tonnum í 3, Gunnar Bjarnason SH 40 tonnum í 4, Sveinbjörn Jakobsen SH 27 tonnum í 3, Magnús SH 25 tonnum í 4, Esjar SH 20 tonnum í 4, Egill SH 19 tonnum í 3 og Matthías SH 15 tonnum í 3 löndunum. Hjá litlu línu bátunum landaði Krist-

inn HU 61 tonni í 5, Tryggvi Eðvarðs SH 60 tonni í 5, Særf SH 57 tonnum í 3, Lilja SH 41 tonni í 3, Gullhólmi SH 40 tonnum í 3, Bíldsey SH 39 tonnum í 2, Stakkhamar SH 38 tonnum í 3, Indriði Kristins BA 22 tonnum í 1, Kvik SH 22 tonnum í 3, Rán SH 20 tonnum í 3, Signý HU 18 tonnum í 3, Sverrir SH 15 tonnum í 2 og Brynja SH 7 tonnum í 1 og Þerna SH 6 tonnum í 2 löndunum. Hjá stóru línu bátunum landaði einungis einn bátur Tjaldur SH og landaði hann 124 tonnum í 1 löndun. Tveir neta bátar lönduðu þessa daga Bárður SH 81 72 tonnum í 6 og Ólafur Bjarnason SH 59 tonnum í 4 löndunum.

Þessa sömu daga var landað 115 tonnum í Grundarfjarðarhöfn í 2 löndunum. Tveir botnvörpubátar lönduðu og landaði Helga María RE 72 tonnum í 1 og Þinganes SF 44 tonnum í 1 löndun.

þa



Byggðakvóta er ár hvert úthlutað annars vegar til minni byggðarlaga sem háð eru veiðum og vinnslu á bolfiski og hafa lent í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og hins vegar er úthlutað til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri kvótakerðingu skipa sem eru gerð þaðan út eða landað aflla.

Í ár fara 4.900 þorskígildistonn til 51 byggðarlags í 29 sveitarfélögum. Þetta er 262 tonnum meira en úthlutað var í fyrra. Alls fá 14 byggðalög lágmarksúthlutun og fjögur byggðalög fá hámarksúthlutun.

Mestur kvóti fer til Vestfjarða, eða tæp 1860 tonn, næst mest fer til Norðurlands eystra eða 1089 tonn en minnst fer til Suðurnesja eða aðeins rúm 170 tonn, Vesturlandi er úthlutað 267 tonnum og af því fer tæplega helmingur í Grundarfjörð eða 130 tonn og minnar byggðakvóti Grundarfjarðar um 10 tonn á milli ára. Hafnir Snæfellsbæjar fá úthlutað 45 tonnum eða 15 tonnum hverri sem er lágmarksúthlutun, er það

óbreytt frá fyrra ári. Byggðakvóti Stykkishólms minnar um 5 tonn úr 70 í 65 tonn.

Eftir að búíð er að úthluta byggðakvótanum geta sveitarfélög sótt um að setja sérstök skilyrði fyrir úthlutan innan einstaka byggðarlaga. Því hefur verið afar misjafnt hvernig kvótinn er nýttur á hverjum stað fyrir sig.

Þar sem endanleg úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiárinu 2022-2023 liggur fyrir er sveitarfélögum gefinn frestur til 13. janúar 2023 að senda ráðuneytinu tillögur um sérreglur.

Tillögur sveitarfélaga verða síðan til kynningar á vef ráðuneytisins til 23. janúar og í framhaldinu verða sérreglur fyrir hlutaðeigandi byggðalög teknar til efnislegrar meðferðar.

Komi ekki fram óskir um sérreglur innan framangreinds tímabrests mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðalög til umsóknar eins fljótt og auðið er.

jó



Kvenkyns sundlaugarvörður

Laus er staða kvenkyns sundlaugarvarðar við Sundlaug Snæfellsbæjar. Um 81,5% starf í vaktavinnu er að ræða frá 20. febrúar - 18. ágúst 2023.

Starfssvið:

Öryggisvarsla við sundlaug og sundlaugarsvæði.
Klefavarsla / baðvarsla.
Afgreiðsla, önnur þjónusta og þrif.

Hæfniskröfur:

Góð samskiptahæfni.
Rík þjónustulund.
Tölvukunnátta.
Hreint sakavottorð.

Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar 2023.

Umsækjendur þurfa að ljúka námskeiði í skyndihjálpi og standast sundpróf laugarvarða skv. reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Frekari upplýsingar veitir Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi, í síma 433 9912 eða á kristfridur@snb.is.

Vinsamlega sendið umsóknir af ofangreint netfang.



Gjaldskrá

fyrir kattahald í Snæfellsbæ 2023

1. gr.

Leyfi til kattahalds

Sækja þarf um leyfi fyrir alla ketti, en einungis eru leyfðir tveir fullorðnir kettir á hverju heimili.

2. gr.

Um leyfisgjöld

Snæfellsbær innheimtir gjöld vegna kattahalds samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ, nr. 757/2007.

3. gr.

Skráningargjald

Við leyfisveitingu skal innheimta gjald sem hér segir:

- Fyrsta leyfisveiting, kr. 11.340.-
- Leyfisveiting eftir útrunninn frest, kr. 16.275.-

Frestur til að skrá ketti er 2 vikur eftir að köttur er tekinn inn á heimili, en kettlinga skal skrá eigi síðar en þegar þeir ná þriggja mánaða aldri.

Innifalið í eftirlitsgjaldi katta er greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu, heilbrigðisskoðun dýralæknis og árleg ormahreinsun, jafnframt merkispjald og umsýslugjald sveitarfélagsins.

4. gr.

Eftirlitsgjald

Af leyfðum köttum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald sem hér segir:

- Fyrir hvern kött, kr. 9.240.-

Ekki er innheimt eftirlitsgjald sama ár og köttur er skráður.

5. gr.

Handsömunargjald

Við afhendingu handsamaðra katta skal innheimt handsömunargjald sem hér segir:

- Fyrsta afhending kattar, kr. 11.000.-
- Önnur afhending kattar, kr. 22.000.-
- Fyrsta afhending kattar sem ekki er skráður, kr. 19.845.-

Öheimilt er að afhenda óskráðan kött nema gengið verði frá leyfisveitingu við afhendingu.

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggs á vegna fæðis, geymslu, auglýsinga og ferðakostnaðar vegna handsamaðs kattar.

- Verð pr. sólarhring pr. kött, kr. 2.100.-

6. gr.

Afsláttur af eftirlitsgjaldi

Framvísi eigandi tryggingaskirteini vegna ábyrgðartryggingar og kvittun frá dýralækni um að heilbrigðisskoðun og árleg ormahreinsun hafi farið fram annars staðar á kostnað eiganda, er heimilt að veita 10% afslátt af eftirlitsgjöldum fyrir viðkomandi kött. Þessum skirteinum skal skilað árlega.

7. gr.

Gjalddagi

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. apríl ár hvert og eindagi 30. apríl. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengungarvarnir, nr. 7/1998. Gjöld skv. gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

Við afskráningu kattar er eftirlitsgjald endurgreitt í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir lifa af árinu.

9. gr.

Annað

Ofangreind gjaldskrá bærarstjórnar Snæfellsbæjar, staðfestist hér með, samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengungarvarnir, samanber samþykkt um hunda- og kattahald í Snæfellsbæ nr. 757/2007, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir kattahald í Snæfellsbæ nr. 1507/2021.



Snæfellsbær, 8. desember 2022

Jólin kvödd í Snæfellsbæ

Líkt og hefð er fyrir stóðu Lionsklúbbarnir í Ólafsvík fyrir þrettándabrennu þann 6. janúar síðastliðinn. Skrúðganga fór frá Pakkhúsinu og að brennunni sem var rétt fyrir innan Klif. Í göngunni voru álfadrottning, álfakóngur, álfameyjar auk mannskra manna. Þegar að brennunni var komið hljómuðu vel valin lög á meðan Slökkvilið Snæfellsbæjar sá um að halda eldi að brennunni. Lionsklúbbur Ólafsvíkur var að lokum með stórglæsilega flugeldasýningu til þess að kveðja jólin. Eftir skemmtunina héldu börnin klædd búningum í nammi leit þegar þau gengu í hús og sníktu gott í gogginn. Veður var milt og gátu börnin því rölt á milli húsa fram eftir kvöldi, mörg hver með stóran poka af gotterfí.

jj



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111



Þrettándinn í Grundarfirði

Grundarfjarðarbær stóð fyrir notalegri stund á Þrettandanum við skíðasvæðið þar sem bæjarbúar komu saman og kvöddu jólin. Boðið var upp á heitt kakó á meðan tendrað var í bálkesti. Sylvía Rún Guðnýjardóttir, Heiðrún Hallgrímsdóttir, Raket Birgisdóttir og Ragnheiður Dröfn Benedikts-

dóttir sungu álfa- og áramótalög fyrir gesti á meðan jólasveinar spjölluðu við börnin áður en þeir héldu aftur upp til fjalla. Frost og logn var í Grundarfirði á þrettandanum og því tilvalið veður til þess að sprengja síðustu flugeldana og klára stjörnuljós.

jj



Gjaldskrá

fyrir skrifstofuaðstöðu í Röst 2023

		pr. mán.
a) Heil skrifstofa	kr.	48.000
~ á hverri skrifstofu eru 2 borð. Tveir einstaklingar geta leigt saman		
b) Fast borð í stærra skrifstofurými	kr.	23.000
c) Laust borð í opnu rými	kr.	18.000
~ leiga fyrir 2 vikur	kr.	9.500
~ leiga fyrir 1 viku	kr.	5.000
d) Hússjóður - fast gjald pr. leigjanda	kr.	4.000
~ innifalið í hússjóði eru rafmagn og hiti, þrif, kaffi, kaffi fyrir gesti, ~ aðgangur að fundarherbergi, net, skanni, prentari o.þ.h.		

- * Leigjandi skal ganga vel um rýmið og skilja við það eins og hann myndi vilja koma að því.
- * Leigusali ber ekki ábyrgð á fjármunum, tækjum né tólum sem leigjandi hefur með sér í rýmið.
- * Leigjandi á föstu borði getur tekið með sér læsta hirslu til að geyma sínar eigur, ef vill.
- * Aðstaðan er læst en er leigutökum aðgengileg 24 klt. á sólarhring.

- * Leigurýmið er skilgreind vinnuaðstaða og því fylgir væntanlega erill og stundum hávaði. Námsmenn eru velkomnir, en ekki er hægt að ábyrgjast hljóðlátt rými fyrir þá.





Byggðasamlag um rekstur
Félags- og skólajónustu Snæfellinga

Umsóknir um búsetu í þjónustuíbúðakjarna FSS

Félags- og skólajónusta Snæfellinga auglýsir eftir umsóknum um búsetu í þjónustuíbúðakjarna fólks með fötlun að Ólafsbraut 62 – 64 í Ólafsvík.

Um er að ræða 2 einstaklingsíbúðir með stuðningsþjónustu sem felur í sér aðstoð og leiðsögn til sjálfstæðrar búsetu í eigin íbúð.



Umsækjendur uppfylli neðangreind skilyrði:

- Eigi lögheimili á Snæfellsnesi
- Sé 18 ára eða eldri.
- Sé virkur notandi dagþjónustustöðva FSS og eða í atvinnu með stuðningi
- Hafi metna þjónustuþörf í 6. flokki SIS eða hærri.
- Staðfest fötlunargreining Greiningar- og ráðgjafarstöðvar liggja fyrir.

Umsóknareyðublað má finna á heimasíðunni www.fssf.is

Umsóknir berist Jóni Hauki Hilmarssyni, forstöðumanni og fagstjóra þjónustu við fólk með fötlun Ólafsbraut 64 – 66, 355 Ólafsvík eða á netfangið jonhaukur@fssf.is.

Hægt er panta hjá tíma til skoðunar íbúðanna hjá forstöðumanni í síma 430 7812

Umsóknarfrestur er til 20. janúar 2023

Forstöðumaður